

Reykjavík 22. febrúar 2013

Skýrsla framkvæmdarstjórnar ÆSKP fyrir árið 2012 - 2013

Í þessari skýrslu er greint frá helstu verkefnum sem stjórnin hefur unnið á s.l. ári, sem er sjöunda starfsár sambandsins.

I. Inngangur

Síðasti aðalfundur ÆSKP var haldinn 10. febrúar 2012 í Neskirku.
Niðurstaða kosninga á fundinum voru eftirfarandi:

Aðalstjórn

Formaður – Sr. Guðrún Karls Helgudóttir (til eins árs)

Gjaldkeri – Guðmundur Karl Einarsson

Ritari – Sr. Sigurvin Jónsson

Meðstjórnandi – Kristján Ágúst Kjartansson

Meðstjórnandi – Þórunn Harðardóttir (Þórunn vék úr stjórninni í 24. febrúar 2012 og Sunna Dóra Möller tók hennar sæti)

Varastjórn

Sunna Dóra Möller (tók síðar sæti í aðalstjórn í stað Þórunnar Harðardóttur)

Einar Örn Björgvinsson

Guðrún Helga Magnúsdóttir

Rakel Brynjólfsson

Arna Grétarsdóttir

Landsmótnefnd

Hlín Stefánsdóttir, Egilsstöðum

Bjarni Heiðar Jóhannesson, Reykjavík (fór til Japan í september)

Þórunn Harðardóttir, Reykjavík

Guðmundur Karl Einarsson, Reykjavík

Rakel Brynjólfssdóttir, Landsmótsstjóri

Sigríður Rún Tryggvadóttir, framkvæmdarstjóri ÆSKP

Skoðunarmenn ársreikninga

Sr. Pétur Þorsteinsson

Sr. Magnús Magnússon

Framkvæmdastjóri sambandsins Sigríður Rún Tryggvadóttir var í fæðingarorlofi frá 1. febrúar til 1. september og leysti Margrét Ólöf Magnúsdóttir hana af til 1. júní. Enginn gegndi stöðunni í fjarveru framkvæmdastjóra í júní en stjórnin tók þá ákvörðun að ráða Rakel Brynjólfsson framkvæmdastjóra í júlí og ágúst eða þar til Sigríður Rún Tryggvadóttir kom og tók við á ný að loknu fæðingarorlofi. Það var mat stjórnar að ekki væri hægt að sinna verkefnum er tengdust skipulagningu landsmóts á viðunnandi hátt án starfandi framkvæmdastjóra.

Staða framkvæmdastjóra er 50% en reynslan sýnir að það er mikil þörf á fullri stöðu framkvæmdastjóra eigi að vera hægt að sinna þeim verkefnum sem eru fyrir hendi og auka þjónustu sambandsins. Stjórnin er í sjálfböðinni þjónustu og hefur sinnt ýmsum verkefnum auk reglubundinna funda. Ekki síst í tengslum við landsmót enda fer sá viðburður stækkandi og er nú stærsti viðburður Þjóðkirkjunnar. Einnig hafa margir aðrir lagt hönd á plóginn og þá sér í lagi í tengslum við landsmótið.

Verkefni ÆSKP á árinu hafa verið fjölbreytileg þó þungamiðjan liggji án efa á Landsmóti æskulýðsfélaga.

Fundir stjórnar voru formlega að meðaltali einu sinni í mánuði og samráð í gegnum tölvupósta hafa verið óteljandi. Allar fundargerðir ársins er hægt að nálgast á heimasíðu ÆSKP, www.aeskth.is.

II. Verkefni

Námskeið

Námskeið fyrir æskulýðsfulltrúa, djákna og presta um sjálfböðna þjónustu var haldið í samstarfi við Kjalarnesprófastdæmi, ÆSKR, Biskupsstofu og KFUM/K, í Vídalínskirkju þann 30. nóvember. Námskeiðið var vel sótt en 30 manns tóku þátt. Dr. Haukur Ingi Jónasson og Halldór Elías Guðmundsson, djákni sáu um fræðsluna.

Grunnnámsskeiðið og Farskóli leiðtogaefna voru á sínum stað í samstarfi við ÆSKR, Kjalarnesprófastdæmi og Biskupsstofu. Útskriftin fór fram 28. mars í Digranes Kirkju og útskrifuðust 8 nemendur af Grunnnámskeiði og 13 nemendur úr Farskóla leiðtogaefna og 10 luku fyrra ári. Útskriftin er einstaklega hátíðleg stund þar sem fjölskyldum ungmennanna, prestum og leiðtogum úr heimasöfnuðum er boðið að taka þátt.

Verndum þau námskeiðið var ekki haldið á þessu starfsári þar sem ekki var sótt um styrk í æskulýðssjóð fyrir þessum námskeiðum í apríl 2012. Framkvæmdastjórinn sótti um styrk vegna vorannar 2013 og hafa tvö námskeið verið ákveðin í mars, annað á Ísafirði í samstarfi við prófast og hitt í Reykjavík í samstarfi við héraðsprest Reykjavíkurprófastsdæmis vestra. Einnig er ráðgert að halda tvö námskeið í haust.

Mót og þing

ÆSKP stóð fyrir TTT móti í apríl 2012 undir yfirskriftinni Gleði gleði gleði. Þátttakendur voru 70 börn og leiðtogar úr TTT-starfi á Suðvesturhorninu.

Landsmót æskulýðsfélaga 2012 var haldið á Egilsstöðum síðustu helgina í október. Þátttakendur og tóku um 600 manns þátt í því. Mótsstjóri var Rakel Brynjólfsdóttir. Slagorð mótsins var: "Enginn getur allt, en allir geta eitthvað" en þemað var: "H₂O, gefum vatn – gefum von". Á mótinu var safnað fyrir vatnsverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Malaví og söfnuðust kr. 430.000. Fyrir þá upphæð er hægt að fá 2 brunna, 20 hænur og 18 geitur.

Á landsmótið komu góðir gestir frá Malaví, þau Innocent og Donia. Þau voru fulltrúar Hjálparstarfsins og höfðu einnig heimsótt fjölda fermingarhópa kirkjunnar. Þau sungu fyrir gesti og sögðu frá aðstæðum í heimalandi sínu.

Mótinu fylgdi gífurlegur undirbúningur og þótti það takast einstaklega vel.

Landsmót 2012 var fjárhagslega erfitt verkefni. Fara þurfti með fólk og búnað um langan veg og því ljóst að kostnaður yrði langt umfram tekjur. Því var leitað aðstoðar sr. Davíðs Baldurssonar og sr. Gunnlaugs Stefánssonar. Þeir tóku okkur opnum örmum og varð niðurstaðan sú að Síldarvinnslan, Eskja, Launafl, Loðnuvinnslan, Héraðssjóður Austurlands, N1 og Kirkjumálasjóður styrktu mótið myndarlega og gerðu það mögulegt. Eru þeim færðar sérstakar þakkir fyrir.

Kirkjuþing unga fólksins var haldið í nóvember. Kirkjuþingsfulltrúar voru 20 og komu víðs vegar af landinu. Ekki tókst þó að fá fulltrúa úr öllum prófastdæmum. Sunna Dóra Möller hafði yfirumsjón með þinginu í góðu samstarfi við starfsfólk Biskupsstofu. Fulltrúunum var skipt í 3 hópa. Hópur eitt fjallaði um aðstöðu og umhverfi æskulýðsstarfsins, hópur tvö um áhrif niðurskurðar á æskulýðsstarf Þjóðkirkjunnar og hópur þrjú tók fyrir framtíðarsýn unga fólksins á æskulýðsstarf Þjóðkirkjunnar.

Fulltrúarnir og umsjónarfólk var sátt við þingið þar sem í ljós kom kraftur og vilji ungs fólks í kirkjunni okkar til að efla og bæta æskulýðsstarf.

Erlend samskipti

ÆSKP er aðili að EF, European Fellowship. Þórunn Harðardóttir hefur verið aðaltengiliður sambandsins og tekið þátt í undirbúningi og námskeiðum á vegum þeirra. Hún hefur sótt aðalfund og er fulltrúi sambandsins í undirbúningshópi fyrir Easter Course, sem í ár (2013) verður haldið á Íslandi.

Samstarfsverkefni

Evrópuvika gegn fordómum er fastur liður í mars. Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rauði krossinn, ÆSKR, sr. Toshiki Toma, prestur innflytjenda og fleiri aðilar standa fyrir viðburðum í Reykjavík og á norðurlandi. Æskulýðsfélög á Höfuðborgarsvæðinu tóku þátt í viðburði í Smáralind.

Jesús lifir, spurningakeppni fyrir 4.-7. bekk hefur verið haldin í samstarfi við Aðventkirkjuna, sem hefur veg og vanda af sjálfri keppninni en öllum kirkjum er frjálst að taka þátt og vera með í undirbúningnum. Árið 2012 tóku aðeins tvö lið úr Þjóðkirkjunni þátt en undanfarin ár hefur um helmingur liðanna komið frá Þjóðkirkjunni. Ástæðuna er mögulega hægt að rekja til niðurskurðar í tekjum safnaða, sem hefur bitnað á æskulýðsleitogum en það fylgir því mikil undirbúningsvinna að senda lið í keppnina.

Vaktu með Kristi hefur verið samstarfsverkefni ÆSKP og ÆNK. Þá koma æskulýðsfélögin saman að kvöldi skírdags og vaka saman í kirkjunni, fram á föstudagsmorgun. Samveran var í Neskirkju í ár og tóku 60 ungmenni þátt í vökunni ásamt leiðtogum.

ÆSKP er í samstarfi við ÆSKR, ÆNK og Biskupsstofu um leiðtogaþjálfun æskulýðsleiðtoga. Markmiðið með þessu samstarfi er að efla æskulýðsstarf kirkjunnar m.a. með leiðtogafræðslu þar sem boðið er upp á a.m.k. tvö námskeið:

- Farskóla leiðtogaefna fyrir ungt fólk á aldrinum 14 – 17 ára
- Grunnnámskeið fyrir 17 ára og eldri.

Þá er ÆSKÞ einnig þátttakandi í samstarfsnefnd um æskulýðsmál með KFUM og KFUK.

ÆSKÞ á tvo fulltrúa í Æskulýðsnefnd Þjóðkirkjunnar.

Á árinu tók stjórnin þá ákvörðun að segja ÆSKÞ úr LÆF (Landsamband æskulýðsfélaga). Ástæðan var mat stjórnarinnar um að LÆF væri ekki vettvangur sem hentaði sambandinu þar eð tilgangurinn og markmiðin væru ósamstíga ÆSKÞ.

III. Niðurlag

Markmið stjórnarinnar er að halda áfram á sömu braut með flest verkefni og mögulega verður einhverjum bætt við, nema aðalfundur samþykki annað. Landsmótið er farið að taka gríðarlega mikinn tíma í undirbúningi. Fyrir utan landsmótsstjóra í hálfu starfi og framkvæmdarstjóra ÆSKÞ í hálfu starfi fer nánast allur undirbúningur fram af sjálfboðaliðum. Það er mat stjórnar að nú sé kominn tími til að huga að frekari styktarleiðum og jafnvel aðkomu yfirstjórnar Þjóðkirkjunnar að undirbúningi og framkvæmda landsmóts ÆSKÞ. Landsmótið er stærsti einstaki viðburðurinn sem haldinn er í íslensku Þjóðkirkjunni og sem slíkur gríðarlega mikilvægur.

Í ár bættust nokkur æskulýðsfélög við í ÆSKÞ en sambandið verður enn öflugra með þátttöku allra æskulýðsfélaga landsins. Það er m.a. ósk Mennta- og menningarmálaráðuneytis að sambandið sé eins konar regnhlífisamtök æskulýðsfélaga og samtaka og í gegnum þau fari umsóknir til ýmissa styrkja. Þannig gætu líkur á styrkjum til einstakra æskulýðsfélaga mögulega aukist.

Góð samskipti við æskulýðsfélög og kirkjufólk um allt land eru mikilvæg og þjónustan þyrfti að eflast en eins og fyrr segir eru takmörk fyrir hvað hægt er að gera með starfsmann í hálfu stöðugildi.

Það er mikilvægt að leiðtogar í barna- og unglíngastarfi efli þekkingu sína og fagmennsku með því að sækja sem flest námskeið sem boðið er upp á. Þannig verðum við hæfari í starfi auk þess sem er mikilvægt að hitta aðra og kynnast kollegum sínum. „Verndum þau“ er dæmi um námskeið sem ætti að vera skylda fyrir allt starfsfólk í barna- og unglíngastarfi.

Lokaorð

ÆSKÞ er samband sem mikil þörf er á að vaxi og dafni því að næg eru verkefni. Óskin er að geta bætt og eflt starfið og þjónað æskulýðsleiðtogum betur um alla landsbyggðina. Vegna mikils niðurskurðar í fjármálum til æskulýðsstarfs hafa stöðugildi starfsfólks í æskulýðsmálum kirkjunnar verið skorin mikið niður undanfarin ár. Það er vond þróun einmitt þegar það er mikill velvilji og eftirspurn eftir því vandaða og faglega starfi sem kirkjurnar hafa upp á að bjóða.

Stjórnin fagnar því að á tímum niðurskurðar hafi Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi ákveðið að setja fjármuni í stöðu æskulýðsfulltrúa prófastdæmisins. Staðan var auglýst til fimm mánaða og er 50%.

Stjórnin er þakklát þeim sem styðja við starf ÆSKP. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur verið afar jákvætt í garð sambandsins og leggur til fjármuni í námskeið á vegum þess. Kirkjumálasjóður stendur undir rekstrargrundvelli sambandsins og færur við þeim bestu þakkir.

Samstarf við öll þau sem að greint hefur verið frá í þessari skýrslu hefur verið einstæklega uppbyggilegt og gott.

Stjórnin þakkar fyrir árið sem hefur verið lærdómsríkt og gefandi. Stjórnin hefur staðið frammi fyrir nokkrum vanda vegna bágborins fjárhags, sér í lagi í tengslum við landsmótið á Egilsstöðum sem er það kostnaðarsamasta í sögu landsmóta ÆSKP. Að lokum tókst að koma þessu saman og eiga samstarfsaðilar á austurlandi skilið sérstakar þakkir fyrir aðkomu sína að landsmótinu.

Stjórn ÆSKP þakkar fyrir sig og biður Guð að blessa allt ungingastarf á landinu.

Fyrir hönd stjórnar Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar,

Guðrún Karls Helgudóttir, formaður